

Fundargerð 456. fundar Framkvæmdanefndar búvörusamninga haldinn 30. ágúst 2022 kl. 14:00. Fjarfundur í Teams.

Þessir tóku þátt í fundinum:

Elísabet Anna Jónsdóttir, formaður nefndarinnar og sérfræðingur á skrifstofu landbúnaðar í matvælaráðuneytinu (MAR), Arnar Freyr Einarsson, nefndarmaður og sérfræðingur á skrifstofu landbúnaðar í MAR, Gunnar Þorgeirssonar, nefndarmaður og formaður Bændasamtaka Íslands (BÍ), Unnsteinn Snorri Snorrason, nefndarmaður og verkefnisstjóri, og Herdís Magna Gunnarsdóttir, nefndarmaður og formaður deildar kúabænda innan BÍ. Jón Baldur Lorange, starfsmaður nefndarinnar og sérfræðingur hjá MAR, ritaði fundargerð. Fundinn sátu einnig Sigurður Eyþórsson, verkefnisstjóri hjá MAR, Ólafur Friðriksson, sérfræðingur hjá MAR og Vigdís Häsler, framkvæmdastjóri BÍ. Ásgeir Runólfsson, nefndarmaður og sérfræðingur í Fjármálaráðuneytinu, boðaði forföll.

Þetta var gert:

- 1. Erindi frá SAM dagsett 14. júní 2022 um uppgjör mjólkur fyrir verðlagsárið 2021 og ósk um heimild til ráðstöfunar hluta umframmjólkur.** Samtök afurðastöðva óskuðu eftir staðfestingu Framkvæmdanefndar búvörusamninga á því að afurðastöðvum verði heimilt að nýta fituhluta umframmjólkur ársins 2021 (3.858.857 lítrum) á innanlandsmarkaði til að tryggja nægjanlegt framboð mjólkurvara á árinu 2021 í samræmi við 29. og 52. gr. búvörulaga nr. 99/1993. *Erindi samþykkt.*
- 2. Úthlutun á þróunarfé í garðyrkju 1. úthlutun ársins 2022.** Tillögur fagráðs lagðar fyrir nefndina til staðfestingar. Styrkumsóknir um þróunarfé í garðyrkju voru þessar:
 - Umsókn nr. 84865. Bændasamtök Íslands, Heimsóknir erlendra ráðunauta 2022. Sótt var um styrk að upphæð kr. 21.400.000. Helgi og Gunnar tóku ekki þátt í afgreiðslu málsins. Fagráð mælir með styrk að upphæð 21.400.000.
 - Umsókn nr. 84357. Homegrow ehf. Research and Development of Homegrowing Systems. Fagráð telur umsókn ekki tengjast hlutverki þróunarsjóðs garðyrkju og mælir með að umsókn sé hafnað.
 - Umsókn nr. 84409. Kristín Amalía Atladóttir. Forstigskönnun á ræktun sveppapráða á trefjum til framleiðslu byggingarefnis og til áburðarframleiðslu. Fagráð telur umsókn ekki tengjast hlutverki þróunarsjóðs garðyrkju og mælir með að umsókn sé hafnað.
 - Umsókn nr. 84769 Landbúnaðarháskóli Íslands: Áhrif lýsingar og CO2 auðgunar á vöxt, uppskeru og gæði gróðurhúsátómata. Sótt um styrk að upphæð kr. 8.000.000. Fagráð mælir með styrk að upphæð kr. 6.000.000.-
 - Umsókn nr. 84859. Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins: Mygluspá fyrir kartöflubændur. Sótt um styrk að upphæð kr. 4.810.080. Helgi og Birkir tóku ekki þátt í afgreiðslu málsins. Fagráð mælir með að verkefnið verði styrkt um kr. 4.810.080.
 - Umsókn nr. 84853. Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins: Kynnisferð til Danmerkur – lífræn ræktun. Sótt um styrk að upphæð kr. 1.969.500. Helgi tekur ekki þátt í afgreiðslu málsins. 6 bændur verða með í ferðinni auk fararstjóra en ekki 10 eins og gert var ráð fyrir í umsókn. Fagráð mælir með styrk að upphæð kr. 1.359.750.

- Umsókn nr. 84589. Syðra-Holt ehf. Nýting lífænna áburðarefna úr nærsamfélaginnu í lífræna garðyrkju. Sótt um styrk að upphæð kr. 5.175.000. Fagráð telur verkefnið áhugavert. Ekki er veittur styrkur til tækjakaupa og beinna framkæmda. Fagráð mælir því með að verkefnið verði styrkt um kr. 2.500.000.

Afgreiðsla fagráðs staðfest af framkvæmdanefnd. Einn nefndarmanna sat hjá við afgreiðslu málsins.

3. **Erindi vegna greiðslu fyrir umframmjólk**, lagt fram til kynningar. Erindið var sent til Verðlagsnefndar og er í vinnslu þar.
4. **Kynning á innanlandsvog 2023**. Þorvaldur T. Jónsson, sérfræðingur hjá MAR, kynnti fyrir nefndinni tillögu að innanlandsvog kindakjöts fyrir árið 2023. *Tillagan var staðfest.*

Annað ekki tekið fyrir og fundi slitið um kl. 14:38.